

Baðstjórum er skylt að halda skýrslur um böðun sauðfjár, tölu þess, sjúkar kindur, framkvæmd verksins og hvenær það var unnið samkvæmt fyrirsögn eftirlitsmanns.

#### 11. gr.

Ef fjárkláði finnst í fé skal taka þær kindur til sérstakrar lækningar. Klippa skal ull kringum kláðablettina eða rýja það alveg. Síðan skal nudda baðlegi rækilega á kláðablettina, svo að kláðaskófirnar blotni vel upp. Þegar búíð er að bleyta skófirnar vel upp er kindin böðuð. Sé kláði á byrjunarstigi leynist hann stundum í holum neðan við augun, augngrófum, við rót hornanna, einkum á hrútum, í hlustinni, í fellingum í klofi og nára. Því ber að athuga þessa staði sérstaklega ef grunur er um fjárkláða.

Bændur skulu leggja fram eða kosta viðhlýtandi mannafla til böðunar. Einnig skulu bændur bera kostnað þann sem kann að vera samfara aukinni fóðrun fjárens eftir böðun og af öðrum áföllum sem fram kunna að koma í sambandi við böðun.

#### 12. gr.

Nú tekur ríkissjóður þátt í baðlyfskostnaði og skal þá viðkomandi verslun innheimta hluta ríkissjóðs, enda hafi viðkomandi eftirlitsmenn úrskurðað reikninginn réttan.

#### 13. gr.

Nú lætur umráðamaður eða fjáreigandi undir höfuð leggjast að baða fé sitt á lögskipuðum tíma, án þess að lögmaef forföll hamli að dómi eftirlitsmanns og sýslumanns eða bæjarfógeta skal hann þá greiða dagsektir allt að kr. 50.00 á hverja kind á dag hvern sem böðun dregst fram yfir lögskildan tíma þ. e. 15. mars. Sektir þessar eru miðaðar við verðlag ársins 1978.

Dagsektir skulu renna í ríkissjóð og skal sýslumaður annast innheimtu sektarinnar.

Jafnframt skal sýslumaður í samráði við hlutaðeigandi eftirlitsmann gera ráðstafanir til þess að féð sé baðað á kostnað eiganda eins fljótt og aðstæður leyfa.

Brot gegn reglugerð þessari og öðrum fyrirmælum sem sett kunna að verða samkvæmt lögum um sauðfjárbaðanir nr. 22, 1977 skulu varða sektum allt að andvirði 300 kg. af 1. fl. dillkakjöti í næstliðinni sláturtíð og renna þær í ríkissjóð.

#### 14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 22 10. maí 1977 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli og tekur gildi 1. september 1978.

*Landbúnaðarráðuneytið, 31. júlí 1978.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Haukur Jörundarson.*

8. ágúst 1978.

Nr. 291.

## AUGLÝSING

**um söluskatt af innfluttum, prentuðum bókum, bæklingum og öðrum þess konar ritum á erlendu máli í tollskrárnúmeri 49.01.09.**

Ráðuneytið tilkynnir hér með, að það hefur ákveðið samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, að hámarksfjárhæð tollverðs af sölu-skattsfrjálsum innflutningi í tollskrárnúmeri 49.01.09 skuli vera kr. 25 000.

Niðurfelling söluskatts er bundin því skilyrði að um sé að ræða innflutning til eigin nota og að varan sé ekki ætluð til endursölu. Þó tekur niðurfellingin ekki til sýnishorna, heldur fer um söluskatt af þeim samkvæmt leiðbeiningum til tollfyrivalda um tollmeðferð á verðlitlum sýnishornum.

*Fjármálaráðuneytið, 8. ágúst 1978.*

**F. h. r.**

**Þorsteinn Geirsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

## REGLUGERÐ

### um síldveiðar.

#### 1. gr.

Allar síldveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eru bannaðar.

#### 2. gr.

Drátt fyrir ákvæði 1. gr., getur sjávarútvegsráðuneytið veitt sérstök leyfi til veiða á síld í reknet, lagnet og hringnót.

Ráðuneytið getur bundið leyfi þessi og úthlutun þeirra skilyrðum þeim, er þurfa þykir.

#### 3. gr.

Lágmarksmöskvastærð rekneta og lagneta, sem notuð eru til síldveiða, skal vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika 63 cm breið og 2 mm þykk auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

#### 4. gr.

Þegar heimild er veitt samkvæmt 2. gr. er þó bannað að veiða smásíld, 27 cm eð lengd eða minni sé hún hluti síldarafla fiskiskíps, samanber 6. gr.

Lágmarksstærð síldar er mæld frá trjónuodda að sporðsenda.

#### 5. gr.

Fái fiskiskíp síldarkast, sem bersýnilega er að mestu leyti smásíld, 27 cm að lengd eða minni, þá er skipstjóra skylt að sleppa síldinni þegar í stað úr nótinni.

#### 6. gr.

Sé skipstjóri fiskiskíps í vafa um hlutfall smásíldar í aflanum, þá ber honum áður en verulega hefur verið brengt að síldinni í nótinni, að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 síldir valdar af handahófi. Reynist meira en 25 síldir, 27 cm að lengd eða minni, ber honum að sleppa síldinni þegar í stað.

#### 7. gr.

Nú kemur síldveiðiskíp eða síldarmóttökuskíp með síldarfarm til hafnar blandaðan smásíld og er þá síldarmóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smásíldarinnar í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 síldum í hverju. Sé hlutur smásíldar, samanber 4. gr. að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 25%, skal síldarmóttakandi gera Framleiðslueftirliti sjávarafurða aðvart, sem síðan gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir og gerir sjávarútvegsráðuneytinu viðvart sé hlutur smásíldar yfir 25%.